

gleymdi hún brúðunni sinni, bylti sér á alla vegu í rúminu, settist jafnvel upp og hlustaði grandgæfilega á andardráttinn og hroturnar í sofandi fólkinu í baðstofunni, eins og hún ætlaði að fá að heyra hjá því, hvað hún ætti að gera.

Svo lagðist hún aftur út af, tók brúðuna í faðm sér, ytti sér sem lengst niður í rúmið og togaði brekanið upp yfir höfuð. En sofnað gat hún ekki. Hún gat ekki með nokkuru lifandi móti hætt að hugsa um, hvað hún Olöf ætti bágt, ef ljóti karlinn færi með hana ofan í þennan óttalega hita, og hún gæti aldrei, aldrei sofnað og kæmist aldrei, aldrei nokkurn tíma upp.

Eftir langa mæðu mundi hún eftir Passíusálmunum aftur. Hún Gunna hafði sagt henni, að þeir væru látnir á brjóstið, til þess að vondir andar kæmust ekki að manni. En þeir höfðu ekki verið látnir ofan á hana Olöfu í kistunni. Fólkið hafði sungið á þá, áður en hún var borin fram í stofuna í kistuna. En hún hafði tekið eftir því, að svo voru þeir látnir upp á hillu yfir rúminu hennar.

Nú sá hún hvað hún átti að gera, til þess að ljóti karlinn kæmist ekki að henni Olöfu í gröf-inni og Jesús Kristur hefði einhver ráð með að ná henni til sín.

Hún læddist upp úr rúminu, undur-hægt, svo að Gunna skyldi ekki vakna. Og hún laumaðist líka hægt inn eftir baðstofunni og inn í húsið hennar Olafar, sem nú var mannaust, og vakti engan. Svo staulaðist hún upp í rúmið hennar og teygði sig upp á hilluna eftir Passíusálmunum. Eftir drygklanga stund var hún komin með þá fram í stofuna.

Abreiða var lögð yfir kistuna. Sigga litla fletti henni ofan af. Olöf lá þar undir í nærfötunum. Hendurnar voru krosslagðar fyrir neðan brjóstið, og voru ekki lengur blárauðar, heldur bláhvítar. Sigga litla var ekkert hrædd við þær.

Hún lagði bókina fyrir ofan hendurnar.

Vorsólin var komin upp, skein inn um stofu-gluggann og varpaði sama geislanum á glóbjartan kollinn á Siggu litlu og bláhvítar hendurnar á Olöfu. Því að guð lætur sól sína skína á góða og vonda.

— Gunna kiptist við í rúminu, þegar Sigga litla kom við hana með járnkalda fæturna, en vaknaði ekki til fulls. En hvað Siggu litlu þótti gott að koma ofan í hlýjun? Og nú sofnaði hún vært með brúðtna í faðminum.

## Svipurinn

sem Gestur Pálsson sá.

Í »Sagnakveri«, sem Björn Bjarnason frá Viðfirði gaf út á Ísafirði síðastliðið ár, er saga, sem nefnd er »Gestur Pálsson og svipurinn« eftir hdr. Sigurðar Pálssonar verzlunarstjóra.

Gestur Pálsson sagði mér söguna í Kaupmannahöfn, og mér þótti hún svo óvenjulega einkennileg, að hún festist mér í minni. Síðar er eg kom hingað til Reykjavíkur hefi eg rifjað hana upp með vinum G. P. hér, sem líka höfðu heyrt hann segja hana, og eg er ekki í neinum vafa um, að eg fari rétt með hana í öllum aðalatriðum.

Þar á móti er sagan mjög úr lagi færð, eins og Sig. Pálsson segir hana. Ónákvæmnin er svo mikil, til dæmis að taka, að söguritarann minnir, að sagan hafi gerst árið 1876; en þá var G. P. í Kaupmannahöfn. Hitt skiftir þó auðvitað meiru, að sagan verður hjá honum alt öðruvísi en G. P. sagði hana, og að í frásögn hans vantar einmitt það atriðið, er gerði sögu bróður hans verulega eftirtektaverða.

Þess vegna er það, að mér finst sögunni ekki vera ofaukið hér.

Í janúarmánuði 1878 komu tveir gestir að Mýrartungu í Reykhólasveit að áliðnum degi, ætluðu báðir daginn eftir yfir Bæjardalsheiði en gistu í Mýrartungu um nóttina. Annar þeirra hét Hafði Ólafsson, vinnumaður frá Bassastöðum í Strandasýslu, 38 ára gamall. Hinn maðurinn segir S. P. að hafi heitið Guðfínnur Hjaltason og verið úr Geiradal. Eg man ekki, hvað G. P. nefndi hann, og þetta natn er ekki til í dánarskýrslum ársins, sem hér er um að ræða; en ekki er að reida sig á þær í þessu efni, sízt



þar sem maðurinn hefir að líkindum ekki verið jarðaður á sínum kirkjustað, og eg geng að því visu, að S. P. fari rétt með nafnið.

Morguninn eftir, þegar mennirnir ætluðu að leggja upp frá Mýrartungu, var veður ískeygglegt og helzt líkur til, að hann mundi ganga í byl. Hafliði virtist táplítill maður og óhraustur og vildi hvergi fara, meðan veðrið væri svo tvísynt. Guðfínnur var vaskleikamaður og lét ekki letjast fararinnar. Hafliða vildi hann fyrir hvern mun fá með sér og fór nöprum orðum um, hver ragmenska það væri, ef hann yrði eftir. Svo það varð úr, að þeir fóru báðir. Hafliði var í stuttureyju yztri tafa að ofanverðu, og annars lítt klæddur til að vera á ferð í harðviðri.

Þegar fram á daginn kom, skall á blindbylur og hélzt þann dag allan og næsta dag. En að morgni hins þriðja dags var komið bjart veður. Þá var tekið eftir því í Mýrartungu, að eitthvað var á ferð nokkuð langt niður frá bænum. Þegar betur var að gætt, komust menn að raun um, að hvað sem það nú var, sem þarna var á hreyfingu, þá fór það alt af í hring. Svo var maður sendur til að forvitnast um það. Þetta var þá

Guðfínnur, og villan á honum svo mikil, að hann hafði ekki áttað sig, þó bjart væri orðið.

Hann var færður heim að Mýrartungu og búid þar um hann í skála eða þilhúsi frammi í bænum. Maðurinn var skammkalinn og vaka varð yfir honum dag og nótt.

S. P. segir, að fyrst hafi vinnukonur verið látnar vaka yfir honum á nóttum og svo húskarlar. En bæði stúlkum og piltum hafi borið saman um það, að mikils ókyrleika yrði vart frammi í bænum og afsagt að vaka. Eg minnst þess ekki, að G. P. segði mér neitt um það, en þori ekkert að fullyrða í því efni.

Vist er um það, að skömmu eftir að Guðfínnur hafði verið færður heim að Mýrartungu, bauðst G. P. til þess að vaka yfir honum eina nóttina með því skilyrði, að stúlka vekti líka og hefði til hunda honum kaffi, þegar hann langaði í það, og varð það að samningum.

Guðfínnur þjáðist mjög um nóttina, og meðal annars kvartaði hann undan því, að Hafliði sækti að sér. G.P. fór þá einu sinni þegar honum virtist hægja nokkuð, að spyrja hann, hvernig þeir Hafliði hefðu skilið í bylnum. Guðfínnur hvað Hafliða hafa farið að þreytast mjög, þegar



BJÖRNSTJERNE BJÖRNSSON OG BERGLJÓT DÓTTIR HANS



á daginn hefði liðið, og loks hefði hann verið orðinn svo þrekaður, að hann hefði ekki komið honum lengra. Svo þeir lögðust fyrir undir stórum steini og létu skefla yfir sig.

Meðan þeir höfðust við þarna í skaffinum, fór Hafliði að ámæla Guðfinni harðlega, kvaðst nú mundu nú týna lífinu, og það væri honum að kenna. Jafnframt hét hann Guðfinni því, að hann skyldi ekkert til spara að ónáða hann, þegar hann væri dauður. En brátt fór að draga af Hafliða og seig á hann mók. Þegar hann hafði sofnað um hríð, virtist Guðfinni hann rísa upp, hvessa augun á sig vöðalega og hníga svo út af aftur. Þá fanst Guðfinni sem hann mundi vera örendur. Og í sama bili kom að honum svo mikill ótti, að hann hélzt ekki lengur við í snjóhúsinu, heldur reif sig út úr því og lagði á stað út í bylinn. Eftir það hafði hann verið að villast þangað til hann fanst.

Þegar sjúklingurinn hafði lokið sögu sinni, seig í brjóstið á honum. G. P. notaði þá færið til þess að fara inn í bæ og fá sér kaffi.

Þegar hann kom fram aftur, var sjúklingurinn risinn upp og var þá afar-felmtsfullur. Sagði að Hafliði hefði þá verið þar inni í húsinu og sótt að sér.

Rétt í því bili var rekið roknahögg í þilið milli skálans, sem þeir voru í, og bæjardýra. G. P. snarast þegar út í bæjardýrnar og út á blað. Tunglskin var og bjart veður. Hann sér þá Hafliða standa öðrumegin við skálagluggann og leggja eyrað við glugganum, eins og hann væri að hlera eftir, hvað gerðist þar inni. G. P. færir sig þá nær honum, en Hafliði fer undan, og svona halda þeir fram með bæjarkömpunum. En við bæjarhornið hverfur Hafliði alt í einu.

G. P. hugkvæmdist að gæta í snjóinn, þar sem Hafliði hafði farið. Hann sá engin spor eftir hann. Svo fór G. P. að hugsa um, hvernig honum hafði sýnst Hafliði búinn — í síðri úlpu, í stað stuttreyjunnar, sem hann hafði verið í þegar hann lagði á stað frá Mýrartungu.

Hann fór nú inn í skálann til Guðfinns.

»Hvernig var hann Hafliði klæddur, þegar þið skilduð? Var hann í sömu fötunum eins og

þegar þið fóruð héðan?» sagði G. P. við hann, þegar hann var kominn inn til hans.

Já, hann hafði verið í sömu fötunum — nema hvað hann hafði fengið lánaða síða úlpu utan yfir sig á bæ, sem þeir komu við á undir fjallinu — Bæ í Króksfirði. Fólkinu þar hafði litist hann svo illa og óvarlega búinn, til þess að leggja upp á fjallveg í tvísýnu veðri.

Guðfinnur andaðist eftir nokkura legu. Lík Hafliða fanst á Bæjardalsheiði, og segir dánarskýrsla prestsins á Stað í Steingrímsfirði, að hann hafi verið jarðaður að Reykhólum 31. jan.

G. P. leit æfinlega svo á, sem *úlpun* væri aðalatriðið í sögunni. »Ef þessi sjón hefir ekkert verið annað en hugarburður«, sagði hann við mig, »þá hefði eg ekki farið að ímynda mér, að eg hefði séð manninn öðru vísi klæddan en eg sá hann áður. Ímyndunaraflið gat naumast klætt hann í úlpuna, sem hann var í þegar hann lézt, en eg hafði enga hugmynd um«.

Úlpunnar er að engu getið hjá S. P., og mennina lætur hann vera á suðurleið, auk þess sem margt annað fer í milli mála hjá honum.

E. H.

## Ferðarolla

konferenzráðs Dr. Magn. Stephensens  
1825—26.

3. jan. . . . Kom liugað Ásgrímur illi (þ. e. Ásgrímur Vigfússon Helluaprestur) og kjaftaði um mál sitt, sem koma mun í þessum mánuði loks fyrir hæstarétt; líka skraddari Friðriksen með reikning fyrir svört klæði, er eg fekk ný samskorin hjá honum í vetur. Betalaði eg fyrir þau 48 rbd. . . .

4. jan. . . . Þá spilaði stórkaupmaður Trier í annað sinn fallit upp á gráðuga skuldasummu, en í dag stórkaupmaður Jacobsen, og kann þess síðara fallit hafa háskalegar verkanir fyrir Simonsen (þ. e. Gísli Símonarson), Vellejus og fleiri, sem hjálpuðust mest fram með hans láni. Sat eg kvöldveizlu með prófessor Rask, Laurusi (þ. e. Thorarensen) og Þorgeiri (Guðmundssyni) og ýmsum öðrum hjá urtakramara Larssen. Þar var málstofa mikil, dýrlegur búðingur, dýrasteik með syltetöji og krans-